

130. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Klausturhóla 7.12.20 kl.14:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jensson, , Elín Heiða Valsdóttir, Matthildur Pálsdóttir, Anna María Ólafsdóttir, Jóna Margrét Sigmarsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ólafur Björnsson (mætti fyrir Hörð sem boðaði forföll) og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Skýrslan kynnt og rædd.

2. Drög að rekstraráætlun 2021 kynnt til samþykktar

Sveitarstjóri fer yfir drög að rekstraráætlun. Rekstrarnefnd samþykkir áætlunina með lítilsháttar breytingum og vísar henni áfram til sveitarstjórnar til samþykktar. Rekstrarnefnd mun skoða í upphafi næsta árs hvort rekstrarforsendur hafi breyst og endurskoða viðhaldsáætlun í framhaldi af því.

3. Önnur mál

Hjúkrunarforstjóri sagði frá því að Klausturhólar taka þátt í verkefninu Ævintýraskógurinn með VJB, Skógræktinni og skólunum. Íbúar Klausturhóla eru virkir í verkefnum sem þessum og fengu t.d. verðlaun fyrir listaverk sitt á Uppskeru- og þakkarhátíð Skaftárhrepps í haust.

Fundi slitið kl. 15:23